

DAGSKRÁMÖGULEIKAR

Upptalning á dagskrámöguleikum á laugardags
eftirmiðdegi eftir slit Skátapings.



Gert er ráð fyrir hlé á dagskrá Skátapings kl. 16 á laugardegi en síðar um kvöldið verður kl. 19:30 boðið er upp á hátíðarkvöldver. Þess á milli gefst þátttakendum tíma sem við hvetjum þátttakendum til að gera eitthvað skemmtilegt og kynnst Akureyri, skátastarfinu þar eða umhverfi þess betur.

Þá má auðvitað alltaf slaka á. Með stæl.

**Vakin er athygli á að samgöngur á milli dagskráliða er á ábyrgð þátttakendanna sjálfra og mun BÍS ekki sjá um að útvega ferðamáta á milli staða.*

Setja upp skíði

Akureyri er heimili Hlíðarfjalls sem er mjög vinsæll skíðastaður á Íslandi. Opið er í Hlíðarfjalli á laugardögum til kl. 19. Hægt er að skoða opnunartímana þeirra [hér](#). Hægt er að sjá verðskrána þeirra [hér](#). Til þess að fara á skíði þarf að passa að hafa með sér réttan búnað eða leigja búnaðinn á Akureyri, það er t.d. hægt að skoða skíðaleigu Hlíðarfjalls [hér](#).

**Þessi dagskráliður er algjörlega háður veðuraðstæðum og hvort það sé nægur snjór, mælum með að skoða veðrið og kynna sér aðstæður áður en lagt er af stað til Akureyrar. Fundarstjóri að norðan hló að okkur þegar við spurðum hvort það yrði snjór í fjallinu og má hvert og eitt ákveða hvort það sé góðs eða slæms viti.*

Skoðunarferð um Hamra

Þau sem eru áhugasöm geta farið í skoðunarferð um [Útilífs- og umhverfismiðstöð skáta](#) að Hömrum og fræðst um starfsemina. Skráning í þennan dagskrárlíð má finni í viðburðardagatali á Sportabler.

Ganga í Fálkafell

Skátafélagið Klakkur mun sjá um göngu í Skátaskálann Fálkafell sem er í eigu Klakks. Gönguleiðin er í kringum 30-40 mín, 2.8 km. á malarveg. Hún er brött á köflum en aðgengileg. Frábært útsýni er í boði yfir Akureyri og hægt verður að skoða skálann. Hægt er að sjá kort af leiðinni [hér](#) og frekari upplýsingar og myndir. Eftir gönguferðina má smella sér í sund! Takmarkað pláss er í þennan dagskrálið



og er hægt að skrá sig í gönguhópinn í sérstakri skráningu inn á viðburði Skátapings inn á Sportabler.

Skógarböð / Forest Lagoon

Staðsett við rætur Vaðlaheiðar eru Skógarböð sem er tilvalin fyrir þau sem vilja lúxus afslöppun. Hægt er að skoða heimasíðuna þeirra [hér](#). Þar sem hægt er að skoða verðskrána og bóka aðgang. Við óskuðum eftir afslætti fyrir þátttakendur en fengum þau svör að það gengi svo vel að þau væru ekki til í að gefa afslátt af bókunum fram í tímann. Fólk gæti mætt á staðinn á laugardags síðdegi og spurt hvort það væri laust og þá myndi þeim bjóðast 10% afsláttur ef svo væri. Þau sem eru virkilega áhættusækin geta reynt við þennan konunglega afslátt en öðrum ráðleggjum við að bóka pláss án afsláttar.

Aðrar sundlaugar í nágrenni Akureyrar

Að minnsta kosti þrjár sundlaugar eru í nágrenni Akureyrar sem eru aðgengilegar á laugardagseftirmiðdegi.

Sundlaug Akureyrar: er staðsett á Þingvallarstræti 21 í miðjum Akureyrarbæ. Sundlaugin er með þrjár rennibrautir sem njóta mikilla vinsælda, fjóra heita potta, tvær vaðlaugar og kaldan pott ásamt tvær 25 m. Útilaugar. Hægt er að fá frekari upplýsingar um gjaldskrá sundlaugarinnar ásamt opnunartíma [hér](#), en sundlaugin lokar á laugardögum kl. 21.

Þelamerkurlaug : Jónasarlaug í Þelamörk er staðsett rétt fyrir utan Akureyri á Laugalandi, Hörgárbyggð. Hún samanstendur af einni sundlaug, tveimur heitum pottum, vaðlaug, lendingarrennibraut og vatnsgufubaði. [Hér](#) er hægt að sjá nánar um opnunartíma og verðskrá, en sundlaugin lokar kl. 18 á laugardögum. [Hér](#) er hægt að sjá frekari upplýsingar um laugina og kort að sundlauginni.

Sundlaugin Hrafnagili: Sundlaug Eyjafjarðarsveitar býður upp á 10x25m sundlaug, vaðlaug, heitur pottur, kaldur pottur og eimbað ásamt stórrí vatnsrennibraut. [Hér](#) er hægt að sjá fleiri upplýsingar um laugin ásamt opnunartíma og verðskrá, en sundlaugin lokar kl. 19 á laugardögum.



Bæjarferð um Akureyri

Ýmislegt er hægt að skoða á röltinu um bæinn frá götulistaverkum söfnum og búðir. [Hér](#) er hægt að skoða nánar um hvað Akureyrarbær býður upp eins og t.d. léttar göngur um bæinn, áhugaverð listaverk og söfn eða sýningar og almennar upplýsingar um bæinn.

